

Mánudaginn hinn 5. ágústmán.

Nr. 29/1889

Kristján Ó Þorgrímsson

gegn

bæjarfógeta í Reykjavík Halldóri
Daníelssyni eða til vara bæjar-
gjaldkera Birni Kristjánsyni.

D ó m u r :

Hinn 2. marz þ. á. kom varastefndi, bæjargjaldkeri í Reykjavík Björn Kristjánsson, með 2 vottum á heimili áfrýjandans, Kr. Ó. Þorgrímssonar bóksala, og setti þar fógetarjett í umboði aðalstefnda, bæjarfógetans í Reykjavík, og krafði áfrýjandann um fyrri hluta bæjargjalds til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir árið 1889, 27 kr. 80 a., en áfrýjandinn neitaði að borga gjald þetta að svo stöddu og fjekk bókuð mótmæli sín gegn því, að bæjargjaldkerinn, sem sjálfur væri krefjandi gjaldsins, framkvæmdi hjá sjer lögtak fyrir því, og krafðist úrskurðar fógetans um þessi mótmæli. Fór bæjargjaldkerinn þá burtu, og var bókað, að lögtakinu væri frestað. Nokkrum dögum síðar, 7. marz, kom bæjargjaldkerinn aptur og setti fógetarjett á heimili áfrýjanda í umboði bæjarfógetans til framhalds hinu frestaða lögtaki, og tók þá lögtaki hjá honum upp í hið umkrafa bæjargjald, og lögtaksgjald 50 aura, 20 eintök af «Lögfræðislegri formálabók», sem af fógetavottunum voru virt á 1 kr. 50 a. hvert eintak, og kom það fyrir ekki, þótt áfrýjandi mótmælti lögtakinu og skýrskotaði til hinna fyrri mótmæla sinna. 20. apríl þ. á. voru síðan hinar lögteknur bækur seldar á opinberu uppboði, og fengust fyrir þær samtals 22 kr. 80 aurar.

Áfrýjandinn, sem út af þessu hefur stefnt hjer

fyrir rjettinn bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni eða til vara bæjargjaldkera Birni Kristjánssyni, hefur nú krafizt þess, að áðuráminnzt lögtak og uppboð verði ómerk dæmd og úr gildi felld og að nefndur bæjarfógeti, eða til vara bæjargjaldkerinn, verði dæmdur til að greiða sjer að fullu andvirði hinna lögteknu bóka, er hafi kostað 3 kr. 75 aur. hver, samtals 75 kr., svo og hæfilegar skaðabætur fyrir átroðning og ónæði eptir rjettarins mati, og allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað að skaðlausu eða eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi bæjarfógeti hefur aptur á móti krafizt sýknunar af kærnum og kröfum áfrýjandans eða *til vara*, að áfrýjanda verði eigi dæmdar hærri skaðabætur heldur en svarar þeim mismun, er hinar lögteknu bækur seldust minna en 1 kr. 45 a. hvert eintak.

Áfrýjandinn hefur byggt kröfu sína um ómerking lögtaksins fyrst og fremst á því, að það hafi framkvæmt verið án þess formlegur úrskurður hafi áður gengið um hin framkomnu mótmæli hans gegn því, en þessa ástæðu getur yfirdómurinn ekki aðhyllzt, jafnvel þótt eigi verði fallizt á það, að fógetinn eigi kvað áður upp rökstuddan úrskurð um mótmælin. En yfirdómurinn verður að álíta, að lögtakið hafi verið ólöglega framið af þeirri ástæðu, sem áfrýjandinn mótmælti því fyrir í fógetarjettinum og sem hann hefur fært fram sem varaástæðu hjer fyrir rjettinum, nefnil. að lögtakið var framið af lögtaksbeiðanda sjálfum, þótt í umbodi fógeta væri. Þessa ógildingarástæðu verður yfirdómurinn að taka til greina *ex officio* þannig, að hinn stefndi bæjarfógeti, sem ábyrgðina bar af gjörðum bæjargjaldkerans sem umbodsmanns síns, verður að bæta áfrýjanda skaða þann, er hann hefur beðið af lögtakinu og

uppbodinu, en þar á móti verður lögtakið sjálfst eða uppbodið eigi dæmt ómerkt gagnvart gjörðarbeiðanda, sem eigi hefur verið stefnt hjer fyrir rjettinn sem slíkum, enda hefur og heldur eigi mætt eða mæta látið. Hinn stefndi bæjarfógeti hefur reyndar viljað verja lögmæti lögtaksins með því, að amtmaður hafi löggilt bæjargjaldkerann til að framkvæma það í umboði sínu, og í öðru lagi með því, að bæjargjaldkerinn hafi alls enga ábyrgð á innheimtu bæjargjaldanna með lögtaki, en þetta síðarnefnda getur eigi samrýmzt við það, að í áteiknun bæjarfógeta á lögtaksbeiðnina, um að lögtakið skuli fram fara, segir, að það skuli þó vera á ábyrgð lögtaksbeiðanda (bæjargjaldkerans), að gjaldanna sje rjettilega krafizt, og hvað hið fyrra atriði snertir, álitur yfirdómurinn, að amtmaður geti eigi, svo bindandi sje fyrir dómstólana, löggilt mann til dómsstarfa í sjálfs síns sök eða þar sem hann er málsaðili. Hvað skaðabótakröfu áfrýjandans yfir höfuð snertir, hefur bæjarfógetinn einnig haldið því fram, að áfrýjandanum hafi í raun og veru eigi verið neinn órjettur gjör með lögtakinu, þar sem hin umkrafða skuld hafi verið rjett, og að honum hafi verið innanhandar að koma í veg fyrir allt tjón af lögtakinu, með því að áfrýja því á þeim næstum 1½ mánuði sem leið áður uppbodið var haldið; en það er hvorttveggja, að áfrýjandinn mundi ef til vill, eins og hann tekur fram, hafa greitt bæjargjald sitt þegar í stað, ef rjett hefði verið að honum farið, enda hlaut það að vera að öllu leyti á ábyrgð bæjarfógetans, að svo ólöglega framkvæmdu lögtaki var fram haldið til uppbóðs.

Að því er snertir upphæð skaðabóta þeirra, er hinum stefnda bæjarfógeta þer að greiða áfrýjanda sam-

kvæmt þessu, þá verður hún, þar sem sjálft lögtakið og uppboðið stendur óhaggað, andvirði hinna lögteknu bóka að frádregnu því sem inn kom við uppboðið, að viðbættu lögtaksgjaldi því sem tekið var, 50 aur. Og þar sem söluverð bókanna, sem áfrýjandinn hafði þær á bodstólum fyrir, var 3 kr. 75 a. hvert eintak, en ekkert tillit verður til þess tekið, þótt fúgetavottarnir hafi virt hin lögteknu 20 eintök aðeins á 1 kr. 50 a. hvert, nje til þess, þótt áfrýjandi hafi látið sjálfur um sama leyti selja á uppboði nokkur eintök af sömu bók, og látið þau þá fyrir að jafnaði 1 kr. 45 a. hvert, þá verður upphæð skaðabótanna samkvæmt ofansögðu 75 kr. ÷ 22 kr. 80 a. + 50 a., eða samtals 52 kr. 70 a. Bæjarfúgetanum ber og að greiða áfrýjanda kostnað máls þessa fyrir yfirdómi með 20 krónum; þar á móti virðist eigi ástæða til að dæma áfrýjanda neinar bætur fyrir átroðning og ónæði.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnda, bæjarfúgeta Halldóri Daníelssyni, ber að greiða áfrýjandanum, Kristjáni Ó. Þorgrímssyni bóksala, 52 krónur — fimmtíu og tvær krónur, — og 70 aura, svo og 20 — tuttugu — krónur í málskostnað.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.